

Skilmálar fyrir leigusamningi á kerrum

Allir þessir skilmálar eru hluti þess leigusamnings sem undirritaður er á framhlið.

1.0. Aðild, ábyrgð og skilyrði fyrir leigu.

- 1.1. Eigandi hins leigða er N1 hf. og er því nefndur leigusali í leigusamningi þessum.
- 1.2. Leigutaka sem nafngreindir eru í leigusamningi þessum er einum heimilt að draga og meðhöndla hið leigða.
- 1.3. Leigutaki þarf að hafa gild ökuréttindi sem veita heimild til að draga hið leigða og ábyrgist að ökutæki það sem notað er til dráttar á hinu leigða sé hæft til og hafi heimild til að draga hið leigða.
- 1.4. N1 verður aldrei ábyrgt vegna greiðslu kostnaðar sem orsakast af bilun, galla, skemmdum eða rangrar notkunar á hinu leigða, á leigutímanum, af hvaða orsökum sem það er
- 1.5. N1 verður aldrei ábyrgt fyrir rekstrarágóða eða óbeinu tapi leigutaka sem rekja má til hins leigða, á leigutímanum.
- 1.6. Leigutaka er óheimilt að framleigja hið leigða.
- 1.7. Leigutaka er óheimilt að nota hið leigða til flutnings á mönnum eða hlaða hið leigða umfram það sem hið leigða er ætlað fyrir.
- 1.8. Óheimilt er að aka með hið leigða um óbrúaðar ár, vegatroðninga, snjóskafla, ís eða aðrar vegleysur. Við þær aðstæður fellur hugsanlegt tjón að öllu leyti á ábyrgð leigutaka.

2.0. Ástand hins leigða við upphaf leigutíma.

- 2.1. Leigutakinn tekur við hinu leigða í því ástandi sem það er við upphaf leigutíma og lýsir því yfir að hann sætti sig við það að öllu leyti. Leigutaki staðfestir með móttöku á hinu leigða að hafa kannað ástand þess, að það sé í lagi. Sérstaklega skal leigutaki kanna og staðfesta að ljós, stefnuljós og hjólbarðar séu í góðu lagi.

3.0. Ástand hins leigða að leigutíma loknum - ábyrgð vegna skemmda.

- 3.1. Að leigutíma loknum skal leigutaki skila hinu leigða í sama ástandi og það var í við upphaf leigutíma að teknu tilliti til eðlilegs slits vegna eðlilegrar notkunar á leigutíma að mati N1.
- 3.2. Allar skemmdir sem verða á hinu leigða á leigutíma eru alfarið á ábyrgð leigutaka. Sé um slíkt að ræða er N1 heimilt að láta gera við skemmdir og krefja leigutaka um greiðslu kostnaðar vegna viðgerðar.
- 3.3. Leigutaki ber alla ábyrgð sem rekja má til slæmrar eða rangrar umgengni hins leigða t.d. ef stöðuhjól er ekki rétt stillt eða ekki sett upp við akstur, hið leigða ofhlaðið eða rangur loftþrýstingur í hjólbörðum.

- 3.4. Leigutaki skuldbindur sig til að greiða að fullu tjón/altjón sem verður á hinu leigða á leigutíma skv. útreikningi N1.
- 3.5. Tjón sem nemur lægri fjárhæð en 50.000 kr. greiðist af leigutaka. Leigutaki getur lækkað þessa fjárhæð í 8.000 kr. með aukagjaldi samkvæmt gjaldskrá N1. Tjón yfir 50.000 kr - eða altjón er þó alltaf að fullu á ábyrgð leigutaka.
- 3.6. Hinu leigða skal skilað í þrífalegu ástandi. Sé að mati starfsmanns N1 þörf á sérstökum þrífum á hinu leigða að leigutíma loknum er N1 heimilt að innheimta kostnað vegna þrifa samkvæmt gjaldskrá N1, sem innheimtist við skil.

4.0. Gildistími leigusamnings - úrræði N1 vegna brota á ákvæðum um gildistíma.

- 4.1. Leigusamningur þessi rennur út á fyrirfram tilgreindum tíma. Framlenging samnings þessa er aðeins heimil með samþykki leigusala og í síðasta lagi 2 klst. áður en útleigusamningur rennur út.
- 4.2. Að leigutíma loknum skal leigutaki skila hinu leigða til leigusala. Fari leigutími fram yfir umsamdan tíma greiðist sá tími samkvæmt gjaldskrá N1.
- 4.3. Skili leigutaki hinu leigða ekki á umsömdum tíma er N1 heimilt að sækja hið leigða á hvern þann stað sem það er að finna og taka í sína vörslu, allt á kostnað leigutaka.
- 4.4. Finnist hið leigða ekki hjá leigutaka skuldbindur leigutaki sig til að greiða N1 verðmæti hins leigða allt eftir útreikningi N1 10 dögum eftir að áskoron þess efnis er send leigutaka.

5.0. Tryggingar

- 5.1. Hið leigða er tryggt skv. umferðarlögum (nr. 50/1987) þegar það er í notkun og fest aftan í ökutæki. Þannig er hið leigða alfarið á ábyrgð leigutaka þegar það er í notkun í tengslum við ökutæki.
- 5.2. Tjón sem hlýst af notkun hins leigða þegar stöðugur vindur er meiri en 13 m/s eða meiri en 20 m/s í vindhviðum er ávallt og alfarið á ábyrgð leigutaka.

Með undirritun hef ég kynnt mér leiguskilmála og ákvæði hans.